



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026

TRÉS1VT08

Kennari	Hannes Jón Jónsson – hannes.jonsson@fss.is Þórhildur Loftsdóttir - thorhildur.loftsdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Hannes Jón Jónsson – mánudaga 9:20-10:00 Þórhildur Loftsdóttir – Þriðjudaga 9:20-10:00	
Námsefni	Efni frá kennara og bókinn Vinnuleyfi á trésmíðavélar	
Áfangalýsing	Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun trésamsetningar, límingar, pússningar og yfirborðsmeðferðar. Haldið er áfram umfjöllun um efnisfræði tréiðna þar sem ítarlegar er farið í ýmsa eðliseiginleika viðar, flokkun, merkingar og þurrkun. Nemendur kynnst notkun algengra tegunda viðarlíms og yfirborðsefna, vinnubrögðum og öryggisþáttum. Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í véltrésmíði. Fjallað er um algengustu trésmíðavélar sem notaðar eru í tré- og byggingaiðnaði, meðferð þeirra og viðhald. Farið er yfir helstu notkunarmöguleika einstakra véla og tækja, stillingar, fyrirbyggjandi viðhald, hlífar, hjálpartæki, líkamsbeitingu og öryggismál og nemendur fá innsýn í að velja og skipta um helstu eggjárn. Lögð er áhersla á notkunarleiðbeiningar og merkingar á tækjum og búnaði. Mikilvægt er að nemendur læri um ábyrgð sína í umgengni við trésmíðavélar og að takast ekki á við vélavinnu án fullnægjandi undirbúnings, hjálpar- og öryggisbúnaðar. Áfanginn er bæði kenndur á námsbrautum fyrir húsasmiði og húsgagnasmiði.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Námsmat byggist á verkefnavinnu, vinnubrögðum, virkni í tímum og ástundun. Til að ná áfanganum þarf að skila öllum verkefnum og ná 4,5 að lágmarki.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Smíðishlutir	65%
	Vinnubrögð / verktækni	25%
	Vinnubók / sjálfsmat	10%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Bent er á mætingareglur skólans og skólareglur sjá http://www.fss.is/index.php/skolinn/almennar-upplýsingar/skolareglur https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/um-skolann/skolareglur/skolasoknarreglur	

Annað sem kennari vill láta koma fram

Kennsluáætlun gæti breyst. Verkefni gætu bæst við

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi - umgengni, ábyrgð og notkun á algengustu trésmíðavélum - öryggisþáttum og viðhaldi trésmíðavéla - vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi tiltekinna trésmíðavéla - smíðisfestingum sem notaðar eru í trésmíði - einstökum samsetningum og notkunarsviði þeirra - þvingum og vinnuaðferðum við samsetningar í trésmíði - algengustu gerðum og notkunarsviðum viðarlíms - nöglum og skrúfum og notkun þeirra í trésmíði - öryggisreglum fyrir meðferð og notkun einstakra límtegunda - grunnatriðum í yfirborðsmeðferð smíðaviðar og plötuefnis - helstu yfirborðsefnum á tré og notkunarsviðum þeirra - virkni og notkunarsviðum einstakra trésmíðavéla - uppbyggingu og notkun algengustu trésmíðavéla - algengustu slysavöldum og slysum í véltrésmíði og afleiðingum þeirra - öryggisreglum og öryggisbúnaði sem notaður er í véltrésmíði	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - nota áhöld til mælinga og uppmæringa - nota mismunandi tegundir verkfæra, véla og efna
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - aðlaga sig að mismunandi vinnuumhverfi - velja smíðavið fyrir einstök verkefni og rökstyðja valið - flokka timbur með hliðsjón af leiðbeiningum - viðhalda og yfirfara ástand öryggisþátta trésmíðavéla - undirbúa verk fyrir yfirborðsmeðferð með þússningu eða slípun - bera yfirborðsefni á tré með mismunandi hætti - beita öryggisreglum og öryggisráðstöfunum við yfirborðsmeðferð - smíða einfalda nytjahluti eftir teikningum og verklýsingum	

Virðing, samvinna og árangur

- beita vinnuskipulagi í trésmíði og fylgja aðgerðalista við vinnu
- efna niður og vinna tré í höndum fyrir endanlega samsetningu
- ganga úr skugga um gæði smíðishluta fyrir samsetningu
- nota þvingur markvisst til að fá smíðishlut réttan í límingu
- mæla og taka úr fyrir smíðisfestingum og setja endanlega upp
- velja heppilegar trésmíðavélar með hliðsjón af verkefni
- velja snúnings- og mötunarhraða fyrir trésmíðavélar
- nota algengustu trésmíðavélar til að efna og forma
- athuga rétta virkni og öryggisbúnað fyrir gangsetningu véla
- nota viðeigandi öryggisbúnað í hverju tilviki til að fyrirbyggja slys
- nota rétta staðsetningu og líkamsbeitingu við vélavinnu
- hreinsa og framkvæma fyrirbyggjandi viðhald á trésmíðavélum

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 6 klst.	96 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 6 tímar x 20 mín	32 klst.
Vinnubók / sjálfsmat	15 klst.	15 klst.
Alls		143 klst. = 8 ein*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 ein	18 - 24 klst.
2 ein	36 - 48 klst.
3 ein	54 - 72 klst.
4 ein	72 - 96 klst.
5 ein	90 - 120 klst.

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. – 10. janúar	Kollur	
2. vika 13. – 17. janúar	Vélavinna	
3. vika 20. – 24. janúar	Vélavinna	
4. vika 27. – 31. janúar	Samsetning	Skil
5. vika 3. - 7. febrúar	Æfinga verkefni fyrir handfræsara	
6. vika 10. - 14. febrúar <i>Uppbrotsdagur</i>	Málaratröppur og franskur lás	
7. vika 17. - 21. febrúar	Vélavinna	
8. vika 24. - 28. febrúar <i>Vetrarfrí 27. og 28.</i>	Vélavinna	
9. vika 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	Vélavinna	
10. vika 10. - 14. mars	Vélavinna	
11. vika 17- 21. mars	Samsetning	Skil
12. vika 24. - 28. mars	Dúkkurúm og Aukaverkefni frá kennara	
13. vika 31. mars - 4. apríl	Vélavinna	
14. vika 7. - 11. apríl <i>Starfshlaup - Páskafrí</i>	Vélavinna	
15. vika 22. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Vélavinna	
16. vika 28. apríl - 2. maí	Vélavinna	
17. vika 5. - 9. maí	Samsetning	Skil

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Hannes Jón Jónsson og Þórhildur Loftsdóttir